

N1 ehf. Hjólbarðaverkstæði  
Reykjavíkurvegur 56  
220 Hafnarfjörður

Kópavogur, 6. maí 2022  
E44773

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: asdisj@n1.is

## Eftirlitsskýrsla

<b>Tilefni:</b> Reglubundið eftirlit	<b>Eftirlit framkvæmt:</b> 20.4.2022
<b>Starfsleyfi:</b> Gildir til 1.2.2027	<b>Starfsemi:</b>
<b>Aðsetur:</b> Reykjavíkurvegur 56	<b>Kennitala:</b> 4110033370
<b>Fulltrúar fyrirtækis:</b> Kristján Hauksson, Dagur Benónýsson	
<b>Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness:</b> Ari Hauksson, heilbrigðisfulltrúi	

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti mun eftirlitsskýrslan verða sett inn á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; [www.heilbrigdiseftirlit.is](#).

### Umfang eftirlits

Eftirlitið er samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018, reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, auk reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Stuðst var við samræmd starfleyfisskilyrði fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindum reglugerðum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

### Niðurstöður eftirlits

Sink er notað til jafnvægisstillinga á fólksbílum og jeppum. Á stærri tæki, t.d. flutningabíla er notað blý. Fyrirmæli frá Umhverfisstofnun kveða á um algjört bann við notkun blýs til jafnvægisstillinga hjólbarða. Það gildir einnig um endurnot á eldri blýlóðum. Þetta er því skráð sem frávik. Frestur til breytinga er gefinn til 1. september 2022.

Fyrirmæli Umhverfisstofnunar til fyrirtækja fela í sér að starfsmenn þeirra safni blýlóðum sem til falla. Málmenurvinnsluþyriræki eins og Fura og Hringrás taka við blýi og eins Efnamóttakan. Til að fyrirtækið geti sýnt fram á að skil hafi farið fram þarf það að fá og varðveita kvittanir fyrir skilum eða staðfestingu frá móttökufyrirtæki. Mælt er gegn því að aðrir aðilar en ofangreindir fái afhent blý. Auk þess er bent á að sækjast eftir að fá kvittanir frá Hringrás þegar starfsmenn fara með blýin og felgurnar í Hringrás.

Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar innan 14 daga til heilbrigðiseftirlitsins að Hlíðarsmára 14, pósthólfi 329, 201 Kópavogi eða á tölvupóstfangið [hef@heilbrigdiseftirlit.is](#).

Virðingarfyllt,

Ari Hauksson,  
heilbrigðisfulltrúi.

